

Frístundakortið

Greinargerð um þróun þess og nýtingu

12. mars 2010

Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 – 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi.

Til Frístundakortsins var stofnað í málefnasamningi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006. Tillaga um Frístundakortið - nýtt styrkjakerfi í frístundastarfi var samþykkt í íþrótta- og tómstundaráði 24. nóvember og í borgarráði 30. nóvember 2006.

Við innleiðingu Frístundakortsins og útfærslu viðmiða í samningum við aðila var áhersla lögð á að:

- nýtt styrktarkerfi leiði til aukins jafnaðar í aðgengi að frístundastarfi
- ekki verði óeðlilegar hækkanir á gjaldskrárm eða öðrum kostnaði við þátttöku
- fagleg gæði og viðmið í starfsemi gjaldi ekki fyrir aukna þátttöku

Félög sem gerðust aðilar að hinu nýja styrktarkerfi gerast aðilar að formlegum samningi þar sem skilyrði og gæðaviðmið eru útlistuð. Sérstakur stofnstyrkur var veittur til aðildafélaganna og einnig er þeim greitt umsýslugjald vegna skráningar í kerfið kr. 250 fyrir hvern iðkanda.

Meginskilyrði félaga sem gerast aðilar að Frístundakortinu er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegar gilda og forvarna í viðum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna og leiðbeinenda sem hæfir starfi með börnum og unglingum. Styrkhæf starfsemi þarf að vera í 10 vikur samfellt hið minnsta.

Styrkurinn var kr. 12.000 á haustönn 2007 en hækkaði í kr. 25.000 á barn á árinu 2008. Gert var ráð fyrir að styrkurinn hækkaði í kr. 40.000 árið 2009 en horfið var frá því vegna efnahagsástandsins og er styrkupp hæðin óbreytt. Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Ekki er heimilt að flytja styrkinn á milli ára.

Heimilt er að nýta styrkinn til niðurgreiðslu fleiri en einnar greinar en þó ekki fleiri en þriggja á hverri önn. Annirnar eru vorönn 1. janúar - 31. maí, sumarönn 1. júní - 31. ágúst og haustönn sem er 1. september - 31. desember.

Öll skráning og umsýsla Frístundakortsins fer fram með rafrænum hætti á Rafrænu Reykjavík. Öll börn 6 – 18 ára sem skráð eru í starfsemi aðildafélaganna fara í rafrænan gagnagrunn

Frístundakortsins, hvort sem þau nýta styrkinn eða ekki. Gagnagrunnurinn veitir þannig heildarupplýsingar um alla iðkun þessa aldurshóps.

Hluti fjármagnsins sem ætlaður er til Frístundakortsins er sérstaklega skilgreindur til að styrkja uppbyggingu samstarfsverkefna og forvarna í hverfum og bregðast við aðstæðum þar sem erfitt er að ná fram markmiðum þess um jöfn tækifæri allra barna og unglunga. Með Frístundakortinu má þannig greiða fyrir kostnað vegna sérstakra samstarfsverkefna eða námskeiða í hverfum sem hafa það að markmiði að ná til ófélagsbundinna barna og unglunga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi.

Mynd 1. Yfirlit yfir þróun Frístundakortsins 2008 til 2009

	<u>2008</u>	<u>2009</u>
• Fjöldi aðildarféлага	140	160
• Fjöldi 6 – 18 ára í borginni	19.606	19.359
• Fjöldi skráðra í skipul. frístundastarf	15.067 (77%)	15.893 (83%)
• Fjöldi sem ráðstafar Frístundakortinu	12.799 (65%)	13.758 (71%)
• Heildarfjöldi ráðstafana í kerfinu	17.170	19.207
• Fjöldi þeirra sem ráðstafa 20 -25. 000	11.000 (56%)	12.035 (62%)
• Fjöldi barna skráð í félög í nágrannasvf.	917 (4,5%)	976 (5%)

Frístundakortskerfið hefur gengur vel og í samræmi við upphaflega áætlun. Fáar villur hafa komið upp í kerfinu.

Náið samráð hefur frá upphafi verið við félögin í borginni og ÍBR vegna innleiðingar Frístundakortsins og útfærslu. Samskipti við aðildarfélögin hafa gengið afar vel og eru þau nær öll orðin sjálfbjarga. Aðstoð beinist í dag fyrst og fremst að nýjum félögum í kerfinu.

Mjög lítið hefur borið á því að félög hafi verið að hækka gjaldskrár umfram það sem eðlilegt getur talist. Mörg félög hafa hins vegar lagað skráningu í starfsemi og greiðslur þátttökugjalda að fyrirkomulagi Frístundakortsins og uppgjöri ÍTR við félögin vegna þess.

Fáir foreldrar lenda orðið í vandræðum með skráningu en stuðningur þjónustvers borgarinnar og Rafrænu Reykjavíkur hefur nýst mjög vel. Tölfræðin sýnir vaxandi þátttöku í starfsemi félaganna og fleiri nýta niðurgreiðsluna.

Markvissar kynningar hafa verið á vefnum, á starfsstöðum ÍTR, í fjölmiðlum, í hverfisblöðum, með markpósti og með dreifingu upplýsingaefnis á heimili í borginni. Sérstakt átak var gert til að kynna Frístundakortið meðal innflytjenda. Frístundakortið hefur frá upphafi verið sérstaklega auðkennt á vef borgarinnar og einnig á vefsíðum flestra aðildarfélaganna.

Nokkur dæmi eru um handvirka skráningu vegna skipts forræðis og greiðslur vegna frístundaheimila eru unnar handvirkt á skrifstofu ÍTR.


Fáein dæmi eru um óskir sem ekki hefur verið hægt að verða við svo sem hvort hægt sé að nota Frístundakortið til að greiða fyrir ýmsan kostnað vegna þátttöku barna í frístundastarfi eða afþreyingu utan formlegs félagsstarfs. Starfsemi sem hér um ræðir fellur ekki innan starfsreglna Frístundakortsins þar sem ekki er um skipulega starfsemi á vegum félags að ræða. Þar má nefna árskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, kostnað við að halda hest, sundkort, einkakennslu í tónlist og skíðakort.

Góð reynsla er af stuðningi við sérstök samstarfsverkefni í hverfum vegna ófélagsbundinna unglinga og unglinga í áhættuhópi. Áætluð þátttaka í hópastarfi af þessum toga frá upphafi er milli 350 og 400 þátttakendur.


Frístundakortið hefur vakið töluverða athygli erlendis, m.a. meðal vinaborga Reykjavíkur. Í finnskri skýrslu, Promoting Children's Welfare in the Nordic Countries (2008), var Frístundakortið valið eitt af 4 fyrirmyndarverkefnum (best practise) á Norðurlöndum um nýmæli varðandi velferð barna. (Sjá vefslóð: http://www.stm.fi/en/publications/publication/_julkaisu/1071657)

Yfirlit yfir stöðu Frístundakortsins og þróun er hér á eftir sett fram í myndum sem unnar eru úr gagnagrunninum.


Mynd 2. Samanburður milli ára - borgin í heild




Mynd 3. Hlutfall þeirra sem eru virk í skipulögðu frístundastarfi og þeirra sem nýta Frístundakortið árið 2009




Mynd 4. Skráningar og nýting 6- 9 ára barna árið 2009 eftir póstnúmerum




Mynd 5. Skráningar og nýting 10-12 ára barna árið 2009 eftir póstnúmerum




Mynd 6. Skráningar og nýting 13-15 ára barna árið 2009 eftir póstnúmerum




Mynd 7. Skráningar og nýting 16-18 ára árið 2009 eftir póstnúmerum



Mynd 8. 16-18 ára - samanburður milli ára á þátttöku í skipulögðu frístundastarfi og nýtingu Frístundakortsins



Mynd 9. Skráningar barna á frístundaheimili árið 2009. Aldurshópurinn 6-9 ára og 9 ára sérstaklega



Mynd 10. Skráning eftir greinum - borgin í heild árið 2009

